

114. fundur stjórnar HÖFÐA hjúkrunar- og dvalarheimilis haldinn 26. október 2020 kl. 16.30

Fundinn sátu:

Elsa Lára Arnardóttir formaður

Ólína Ingibjörg Gunnarsdóttir hjúkrunarforstjóri

Kjartan Kjartansson framkvæmdastjóri

Í gegnum fjarfundarbúnað:

Einar Brandsson varaformaður

Helgi Pétur Ottesen

Björn Guðmundsson

Fyrir var tekið:

1) Vistunarmál

Samþykkt vistun fyrir þrjá einstaklinga, sjá trúnaðarbók.

Staða á biðlistum 22.10.2020:

Hjúkrunarrými: 21 einstaklingar.

Dvalarrými: 12 einstaklingar.

Hvíldarinnlagnir: 26 einstaklingar.

2) Rekstraryfirlit 1. janúar til 30. september 2020

Lagt fram.

3) Fjárhagsáætlun 2021

Samkvæmt framlagðri áætlun fyrir árið 2021 er gert ráð fyrir að rekstrartekjur Höfða nemir 1.127,8 mkr. og rekstrargjöld án fjármagnsliða og afskrifta nema 1.123 mkr. Afskriftir nema 25,8 mkr. og fjármagnsliðir nema nettó 16 mkr. Óreglulegir liðir nema 25,9 mkr. Tap af rekstri án óreglulegra liða nemur 37 mkr. en með óreglulegum liðum nemur tapið 62,9 mkr. Handbært fé til rekstrar nemir 25,7 mkr., fjárfestingahreyfingar nemir 146,3 mkr. og fjármögnumnarhreyfingar nemir 155,1 mkr. Lækkun á handbæru fé nemur 16,9 mkr. og að handbært fé í árslok verði 74,3 mkr.

Lögð fram til fyrri umræðu ásamt greinargerð framkvæmdastjóra.

4) Fjárhagsáætlun 2022-2024

Lögð fram til fyrri umræðu.

5) Gjaldskrá Höfða

Stjórn Höfða samþykkir framlagða tillögu framkvæmdastjóra um nýja gjaldskrá fyrir verð á útseldu fæði frá Höfða. Verð pr. máltíð hækki úr kr. 1.090 í kr. 1.123 eða um 3% sem nemur hækkun vísitölu neysluverðs frá september 2019 til september 2020. Hækkun tekur gildi frá og með 1. janúar 2021.

ELA
BIR
HJM
EIN

6) Umsögn stjórnar Höfða til bæjarráðs vegna endurbóta á Höfða

Stjórn Höfða samþykkir framlagða tillögu framkvæmdastjóra að umsögn til bæjarráðs.

7) Umsagnir SFV um fjárlagafrumvarp 2021 og fjármálaáætlun 2021-2025

Lagðar fram. Stjórn Höfða tekur undir sjónarmið SFV í umsögn SFV um fjárlagafrumvarp og fjármálaáætlun.

8) Starfsmannamál

a) Beiðni um launalaust leyfi.

Stjórn Höfða samþykkir framlagða beiðni um launalaust leyfi.

b) Mönnun á Jaðri.

Stjórn Höfða samþykkir að framlengja tímabundina aukningu á mönnun út desember 2020.

c) Erindi frá hjúkrunardeildarstjórum.

Lagt fram.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:45

Éisa Lára Amosdóttir.
Ólava Ingibjörg Grunarsdóttir
Víðars Víðars
Einar Braudsson
~~Gudrún Ólaf~~
Helgi Þórir Óttar
Björn Gertmundur